





Minnsta fjölgun ferðamanna síðan fyrir uppsveiflu

Á fyrsta ársfjórðungi nam fjöldi erlendra ferðamanna 481 þúsund borið saman við 452 þúsund á sama tímabili í fyrra. Aukningin nemur 6,3% milli ára. Fara þarf aftur fyrir upphaf uppsveiflunnar í ferðapjónustu til að finna minni vöxt, en á þriðja ársfjórðungi 2010 fækkaði ferðamönnum um 1,3% borið saman við sama fjórðung árið áður.

Vöxturinn hefur leitað mjög skýrt niður á við
Sé litið til einstakra mánaða á fyrsta fjórðungi þessa árs sést að fjölgunin á 12 mánaða grundvelli hefur leitað stöðugt niður á við. Þannig var fjölgunin 8,5% í janúar, 7,9% í febrúar og 3,1% í mars, sem er minnsti vöxtur síðan í mars 2011, en það var fyrsta ár uppsveiflunnar. Ef farið er aftur til síðasta árs sést svipuð þróun, þ.e. skýr leitni til lækkunar. Segja má að ákveðin kaflaskil hafi orðið í maí þegar vöxturinn fór úr því að vera á bilinu 45-75% í janúar-apríl niður í 17,5%. Á tímabilinu maí til október á síðasta ári lá vöxturinn á bilinu 15-19%. Segja má að önnur kaflaskil hafi síðan orðið í nóvember þegar vöxturinn fór niður fyrir 10% og hefur hann haldist þar síðan. Árleg meðalfjölgun erlendra ferðamanna hér á landi á tímabilinu 1949-2017 nemur 9,3%. Marsmánuður var fjórði mánuðurinn í röð þar sem fjölgunin er undir þessu sögulega meðaltali. Það eru nokkuð skýr merki þess að toppnum í fjölgun ferðamanna hafi verið náð og framundan sé mun lægri vöxtur.

Dvalarkostnaður á Íslandi orðinn óþægilega hár?
Ástæður hægari fjölgunar hafa m.a. verið raktar til þess að landið sé orðið fremur dýrt í augum ferðamanna. Þannig sýna flestir samanburðarmælikvarðar að verðlag á ferðapjónustu er verulega hátt hér á landi borið saman við flest önnur lönd. Bæði hefur krónan styrkst mikið á síðustu tveimur árum, sem hefur dregið úr kaupmætti erlendra ferðamanna hér á landi, en einnig hafa launahækkanir verið langt umfram launahækkanir í helstu viðskiptalöndum.





Það hefur aftur þrýst á hækkun verðskrár í mörgum flokkum ferðaþjónustunnar.

Bandaríkjamönnum fækkaði í mars

Séu fjöldatölurnar sundurgreindar frekar sést að þeim 17 þjóðum sem taldar eru sérstaklega inn í landið fækkaði ferðamönnum frá 9 þeirra í mars borið saman við sama mánuð í fyrra. Segja má að helstu tíðindin í mars hafi verið þau að Bandaríkjamönnum fækkaði um 2,5% en þetta er í fyrsta skiptið sem þeim fækkar í uppsveiflunni. Síðast fækkaði þeim í maí 2010. Bandaríkjamenn kaupa tæplega þriðjung af útflutningi íslenskrar ferðaþjónustu og eru þeir þrefalt mikilvægari á þann mælikvarða en sú þjóð sem kemur næst í röðinni, Bretar. Það skiptir ferðaþjónustuna því miklu máli að bandarískum ferðamönnum fækki ekki í miklum mæli. Bretum hefur fækkað stöðugt á 12 mánaða grundvelli síðan í maí á síðasta ári og nam fækkunin 9,4% nú í mars. Þjóðverjum, sem eru þriðji stærsti viðskiptavinurinn, fækkaði um 7,5% í mars en það er í fyrsta skiptið síðan í maí 2014. Kanadamönnum, sem eru þeir 6. í röðinni, fækkaði um 15,9% en þeim hefur fækkað stöðugt síðan í október á síðasta ári. Af öðrum þjóðum sem hefur fækkað stöðugt síðustu mánuði eru Japan og Holland. Hollendingum hefur fækkað stöðugt síðan í nóvember á síðasta ári en Japönnum hefur fækkað stöðugt síðan í september á síðasta ári. Þeim þjóðum sem fækkaði nú í mars standa á bak við 65% af heildarútflutningi íslenskrar ferðaþjónustu.

Ferðamönnum frá öðrum löndum hefur þó fjölgað


Ferðamönnum sumra þjóða hefur þó verið að fjölga upp á síðkastið. Þannig hefur bæði Dönnum og Frökkum fjölgað fremur mikið en þessar þjóðir eru í 4. og 5. sæti yfir stærstu kaupendur íslenskrar ferðaþjónustu. Dönnum fjölgaði um 30% í mars og Frökkum um 39%. Dönnum hefur fjölgað um að meðaltali 27% á síðustu fjórum mánuðum. Ekki er neinn bilbug að finna á Ítölum, Spánverjum, Pólverjum og Rússum en þeim hefur fjölgað stöðugt á síðustu misserum. Vægi þeirra í útflutningi íslenskrar ferðaþjónustu er þó ekki mikið.

Ofmetur koma Pólverja fjölgun ferðamanna?


Á það hefur verið bent að svo virðist sem að fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað kemur sé ofmetinn, a.m.k. það sem snýr að pólskum ferðamönnum. Sterkar vísbendingar eru um að umtalsverður hluti þeirra Pólverja sem taldir eru inn

Hagsjá


Stærstu kaupendur íslenskrar ferðaþjónustu



Fjölgun ferðamanna í mars



Fjöldi gistinguátta á ferðamann






í landið hafi hér fasta búsetu eða komi hingað sem tímabundnir starfsmenn og séu því ekki ferðamenn. Sé litið til allra gististaða var meðalfjöldi gistinátta á hvern Pólverja sem talinn var inn í landið rétt rúmlega ein nótt árið 2016. Til samanburðar var sú þjóð sem var með næstfæstu gistinæturnar Finnland en þar var fjöldinn 2,5 nætur á hvern ferðamann. Þrjár þjóðir voru með færri en 3 nætur en allar aðrar þjóðir voru með fleiri en 3 nætur. Meðalfjöldi gistinátta voru 4 nætur¹.

Fjölgun ferðamanna án Pólverja ekki minni síðan fyrir uppsveifluna

Ef horft er framhjá talningum á Pólverjum inn í landið fæst að heildarfjölgun ferðamanna í mars, borið saman við sama tímabil í fyrra, nemur einungis 1,3%. Það er minnsta fjölgun ferðamanna síðan í nóvember 2010 eða fyrir uppsveifluna. Í þessu sambandi má benda á að öllum erlendum ferðamönnum fjölgaði um 3,1% í mars en á árabili uppsveiflunnar, þ.e. 2011-2017, má finna minni fjölgun en 3,1%. Í mars 2011 fjölgaði ferðamönnum þannig um einungis 0,9%. Vegna þessarar skekkju sem talning Pólverja kann að hafa á mælingu á fjölgun ferðamanna kann mæling á fjölgun ferðamanna án Pólverja að gefa betri mynd af þróuninni.

% Fjölgun erlendra ferðamanna án Pólverja



Heimild: Ferðamálastofa

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

¹ Sé horft einungis á hótulgistingu var meðalfjöldi gistinátta þeirra Pólverja sem komu hingað 0,26 nætur. Þetta fæst með því að deila heildarfjölda þeirra Pólverja sem skráðir voru sem ferðamenn upp í heildarfjölda gistinátta Pólverja á hótelum. Þetta var langlægsta talan sé litið til allra þjóða sem taldar eru inn í landið. Sú þjóð sem var með næstfæstu gistinæturnar á ferðamann var Kanada en fjöldinn var samt ríflega fjórum sinnum hærrí en hjá Pólverjum.